

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/915 frá 25. apríl 2023 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2026 frá 6. febrúar 2026, skal reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/915 frá 25. apríl 2023 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 gilda hér á landi. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 24 frá 9. apríl 2026, bls. 234.

2. gr.

Á grundvelli eftirtalinna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar skulu eftirtaldar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar um breytingu og framkvæmd á reglugerð (ESB) 2023/915 jafnframt gilda hér á landi:

1. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1510 frá 20. júlí 2023 um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/915 að því er varðar hámarksgildi fyrir kadmíum í hnetusveipsefi og tilteknum ræktuðum sveppum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2026 frá 6. febrúar 2026. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 24 frá 9. apríl 2026, bls. 289.
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1002 frá 4. apríl 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/915 að því er varðar hámarksgildi fyrir perklórat í baunum (*Phaseolus vulgaris*) með fræbelg. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2026 frá 6. febrúar 2026. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 24 frá 9. apríl 2026, bls. 293.
3. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1003 frá 4. apríl 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/915 að því er varðar hámarksgildi fyrir summu 3-mónóklórprópandíóls (3-MCPD) og 3-MCPD-fitusýruestra í ungbarnablöndum, stoðblöndum og matvælum sem eru notuð í sérstökum lækisfræðilegum tilgangi handa ungbörnum og smábörnum og smábarnablöndum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2026 frá 6. febrúar 2026. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 24 frá 9. apríl 2026, bls. 296.
4. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1022 frá 8. apríl 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 2023/915 að því er varðar hámarksgildi fyrir deoxýnivalenól í tilteknum matvælum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2026 frá 6. febrúar 2026. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 24 frá 9. apríl 2026, bls. 299.
5. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1038 frá 9. apríl 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/915 að því er varðar hámarksgildi fyrir eiturefnin T-2 og HT-2 í matvælum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2026 frá 6. febrúar 2026. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 24 frá 9. apríl 2026, bls. 303.
6. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1756 frá 25. júní 2024 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) 2023/915 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum. Reglugerðin var felld

inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2026 frá 6. febrúar 2026. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 24 frá 9. apríl 2026, bls. 309.

7. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1808 frá 1. júlí 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/915 að því er varðar framkvæmdardagsetningu lægri hámarksgilda fyrir drjóla grasdrjólaveppa og beiskjuefni úr grasdrjólaveppi í matvælum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2026 frá 6. febrúar 2026. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 24 frá 9. apríl 2026, bls. 318.
8. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1987 frá 30. júlí 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/915 að því er varðar hámarksgildi fyrir nikkel í tilteknum matvælum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2026 frá 6. febrúar 2026. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 24 frá 9. apríl 2026, bls. 321.
9. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1891 frá 17. september 2025 um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/915 að því er varðar hámarksgildi fyrir ólífrænt arsen í fiski og öðrum sjávarafurðum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2026 frá 6. febrúar 2026. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 24 frá 9. apríl 2026, bls. 328.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á reglugerð (ESB) 915/2023:

- a. Í 2. gr. er eftirfarandi málsgrein bætt við:
 5. Að því er varðar hámarksgildi fyrir díoxín og díoxínlík PCB í olíu úr sjávardýrum er stjórnvöldum á Íslandi og í Noregi heimilt að viðhalda hámarksgildi fyrir díoxín, fúrön og díoxínlík PCB (WHO-PCDD/F-PCBTEQ) sem er 4 pg á hvert gramm fitu.
- b. Í 7. gr.:
 - i. Eftirfarandi liðum er bætt við 3. mgr.:
 - f) Ísland: kjöt og kjötafurðir sem eru reykt á hefðbundinn hátt, þar sem „reykt á hefðbundinn hátt“ merkir að framleiða reyk með því að brenna sauðfjáraburð, mó, villtan við og/eða lyng í reyk húsi,
 - g) Noregur: „eldhusrøykt pinnekjøtt“ sem reykt er á hefðbundinn hátt.
 - ii. Eftirfarandi lið er bætt við í 4. mgr.:
 - d) Ísland: fiskur og lagarafurðir sem eru reykt á hefðbundinn hátt, þar sem „reykt á hefðbundinn hátt“ merkir að framleiða reyk með því að brenna sauðfjáraburð, mó, villtan við og/eða lyng í reyk húsi.
- c. Í 11. gr., bætist eftirfarandi málsgrein við:

Liður 3.2.3.1, að því er varðar Noreg, öðlast gildi 1. júlí 2026.

4. gr.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar vegna matvælaeftirlits sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995.

5. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga um matvæli, nr. 93/1995.

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Á sama tíma fellur brott reglugerð um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum, nr. 265/2010.

Atvinnuvegaráðuneytinu, 19. maí 2026.

F. h. r.

Bryndís Hlöðversdóttir.

Svava Pétursdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 21. maí 2026